

A person wearing a brown sweater and a red scarf is holding four potted plants. The plants are in black and orange pots, some with small white labels. The background is a blurred outdoor setting with greenery and a white structure.

OKKAR MARKMIÐ


VERKEFNI BYGGÐ Á HEIMSMARKMIÐUNUM



1 ENGIN FÁTÆKT



10 AUKINN JÖFNUÐUR



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTAÐA



14 LÍF Í VATNI



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



16 FRIDUR OG RÉTTLÆTI



7 SJÁLFBÆR ORKA



Texti:

Ásgerður Magnúsdóttir
Halldór Valberg
Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Salka Guðmundsdóttir
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Myndir:

Michael Anderson
Jan Antonin Kolar
Heather Mount
Halldór Valberg
Gatis Marcinkevics
Claudio Schwarz
Becca McHaffie

15 LÍF Á LANDI



4 MENNTUN FYRIR ALLA



Umbrot:

Halldór Valberg

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



2 EKKERT HUNGUR



13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



3 HEILSA OG VELLÍÐAN



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



YFIRLIT VERKEFNA



ÁVARP FORMANNS STÝRIHÓPS BÍS UM HEIMSMARKMIÐIN

FYRSTA SKREFIÐ AÐ ÞVÍ AÐ BYGGJA BETRI HEIM



Ég heiti Þórhildur og mér finnst gaman að vinna að heimsmarkmiðunum. Ég vona að þú viljir hjálpa mér að byggja betri heim.

Frá því að heimsmarkmiðin sautján voru fyrst kynnt árið 2015 hafa skátar víða um heim verið í fararbroddi þegar kemur að innleiðingu þeirra á hinum ýmsu sviðum, hvort sem það er í starfi með börnum, efri stjórnsýslu eða samfélagsþjónustu. Skátarnir á Íslandi eru þar engin undantekning og hafa heimsmarkmiðin verið í forgangi hjá BÍS undanfarin ár og munu halda áfram að vera það næstu árin.

Nokkur ungmenni í skátunum sem voru að vinna með heimsmarkmiðin í sínu skátastarfikomu með hugmyndina að *Okkar markmið* þar sem heimsmarkmiðin voru sett í annan búning og gerð aðgengilegri fyrir unga skáta. Ungmennahósti 2020 tók svo hugmyndina áfram og úr varð afurðin sem má sjá á bls. 5 í þessum bækling. Þess vegna heitir þessi bæklingur *Okkar markmið* enda er þessi bæklingur hluti af því að gera heimsmarkmiðin aðgengilegri

fyrir yngri kynslóðirnar. Heimsmarkmiðin eru markmið okkar allra og nást ekki nema við vinnum öll að þeim í sameiningu. Verkefnin í bæklingnum eru frábært fyrsta skref fyrir unga sem aldna skáta í áttina að því að byggja betri heim og uppfylla heimsmarkmiðin.

Verkefnahefti þetta er beint framhald af Byggjum betri heim verkefnaheftinu sem skátarnir þýddu úr dönsku og gáfu út árið 2018. Það hefti er aðgengilegt á netinu og er tilvalið að nýta það samhliða þessu hefti þegar unnið er með heimsmarkmiðin í skátastarfi.

Við þökkum ykkur fyrir að sýna heimsmarkmiðunum áhuga og byggja þannig betri heim.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir
Formaður stýrihóps Bandalags
íslenskra skáta um heimsmarkmiðin
10. janúar 2021



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



TRYGGJA JAFNAN AÐGANG ALLRA AÐ GÓÐRI MENNTUN OG STUÐLA AÐ TÆKIFÆRUM ALLRA TIL NÁMS ALLA ÆVI

Menntun er grunnurinn að því að bæta líf fólks og lykillinn að sjálfbærri þróun. Skátastarf er óformlegt menntunarstarf með það að markmiði að efla sjálfsnám ungs fólks með því að nýta tómstundir þess til uppbyggjandi verkefna. Frá upphafi hefur skátastarf verið að gera ungu fólki frá öllum heimshornum kleift að skapa jákvæðar breytingar í samfélögum sínum. Það er því reynslunám út í gegn og mikilvægur

hluti af því að tryggja menntun fyrir alla. Allt sem þið takið ykkur fyrir hendur mun hjálpa ykkur að verða betri og flottari í framtíðinni. Því eru þið sífellt að vinna að heimsmarkmiði 4 í ykkar skátastarfi og þess vegna tengist það markmið öllum verkefnum í þessum bæklingi. Gangi ykkur vel!

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir
formaður stýrihópsins

Ásgerður Magnúsdóttir
tengiliður í Stjórn BÍS

Halldór Valberg
meðlimur stýrihópsins

Salka Guðmundsdóttir
meðlimur stýrihópsins

Kolbrún Ósk Pétursdóttir
erindreki BÍS

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015 og gilda til 2030. Heimsmarkmiðin eru 17 og eru 169 undirmarkmið. Heimsbandalögin WOSM og WAGGS hafa bæði verið markvisst að vinna að heimsmarkmiðunum í skátastarfi frá því að markmiðin komu fyrst fram á sjónarsviðið og má sjá heimsmarkmiðin í mörgum verkefnum og viðburðum skáta út um allan heim. Fjölmörg atriði í skátastarfi falla vel að heimsmarkmiðunum og tækifærin til að byggja betri heim eru mörg. Á skátaþingi Bandalags íslenskra skáta árið 2018 var samþykkt þingsályktunartillaga sem hvatti skátafélög til að vinna að heimsmarkmiðunum. Í kjölfar þess var stýrihópur heimsmarkmiðanna stofnaður til tveggja ára en hann hefur nú starfað síðan í febrúar 2019 við að aðstoða við innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í skátastarfi hérlandis.

Heimsmarkmiðin samræmast vel gildum og lögum skátahreyfingarinnar og því er kjörið að skátarnir séu meðal þeirra sem leiðandi eru í vinnunni að heimsmarkmiðunum á landsvísu. Stýrihópurinn hefur með ýmsum leiðum komið heimsmarkmiðunum í forgrunn sem víðast í skátastarfi en til dæmis ná nefna kynningar um heimsmarkmiðin, fræðslu til viðburðarhaldara um hvernig megi nýta heimsmarkmiðin í undirbúningi viðburða, fræðsluefni til skátafélaga, setu í dagskrárstjórn Landsmóts skáta og nú með nýjum verkefnabæklingi! Markmið okkar er að áður en langt um liður hafa allir skátar á Íslandi fengið að kynna heimsmarkmiðunum, hvað þau fela í sér og alla möguleikana sem þau hafa upp á að bjóða.



OKKAR MARKMIÐ

Óformleg nálgun skátastarfs á menntun er sérhönnuð til að undirbúa ungt fólk til að verða virkir borgarar og stuðla að sjálfbærri þróun. Í gegnum tíðina hafa skátar um allan heim lagt sitt af mörkum til að bæta sjálfbærni plánetunnar, stuðla að friði og takast á við ójöfnuð. Skátastarf snýst í grunninn um að láta sig samfélagið varða og heimsmarkmiðin eru þar af leiðandi órjúfanlegur þáttur í þeirri vegferð. Heimsmarkmiðin geta oft virst frekar stór og óaðgengileg og því var ákveðið að búa til aðeins aðgengilegri útgáfu sem ungir skátar geta tengt betur við. Þessi útgáfa varð til á Ungmennahólinum 2020 og sýnir að litlu hlutirnir sem við gerum skipta líka máli til að byggja betri heim.

1 ENGIN
FÁTÆKT



HJÁLPUM ÞEIM SEM
MINNA MEGA SÍN

2 EKKERT
HUNGUR



MINNI MATARSÓUN

3 HEILSA OG
VELLIDAN



ÚT AÐ LEIKA

4 MENNTUN
FYRIR ALLA



LÆRUM AF REYNSLUNNI

5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



ÖLL KYN SKIPTA MÁLI

6 HREINT VATN OG
HREINLÆTISABTADA



VATN ER GOTT FYRIR
KÁTA SKÁTA

7 SJÁLFBÆR
ORKA



HVÍLUM RAFTÆKIN

8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



SKÁTASTARF UNDIRBÝR ÞIG
FYRIR FRAMTÍÐINA

9 NÝSKÖPUN OG
UPPBÝGGING



PRÓFUM NÝJA HLUTI

SKÁTAR AF ÖLLU TAGI -
SAMAN SEM EIN HEILD

10 AUKINN
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG



FERÐUMST GRÆNT

12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



SKÁTI ER NÝTINN

13 AÐGERDIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



VERUM TIL FYRIRMYNDAR

14 LÍF Í
VATNI



HUGSAÐU ÁÐUR
EN ÞÚ STURTAR

15 LÍF Á
LANDI



SKÁTI ER NÁTTÚRUVINUR

16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



VERUM GÓÐ
HVERT VIÐ ANNÐ

17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



TENGJUM SAMAN LÖND VIÐ
LÖND

18 STYRKJA OG
VIRKJA UNGT FÓLK



RÁÐUM OKKAR FRAMTÍÐ



VERKEFNI





16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



GÓÐVERKAVIKA

Það kemur kannski ekki á óvart en fyrsta grein skátalaganna er “Skáti er hjálpsamur”. Hjálpsemi er nefnilega það sem mörgum dettur í hug þegar hugsað er um skáta enda er markmið okkar að skilja heiminn eftir aðeins betri en þegar við komum að honum. Skátar vinna mörg góðverk og hjálpa mönnum, dýrum og náttúrunni í sínu daglega lífi. Árlega taka fjölmargir skátar út um allan heim þátt í góðverkavikunni sem haldin er í kringum 22. febrúar. En það er sérstakur dagur hjá skátahreyfingunni þar sem dagurinn er afmælisdagur bæði Robert Baden-Powell, stofnanda skátahreyfingarinnar og Olave Baden-Powell, fyrsta kvennskátahöfðingi heims, en þau voru gift.

Fyrri fundurinn:

1 En hvað eru góðverk?

- Fáíð skátana til að nefna þau góðverk sem þeim dettur í hug.
- Þið getið byrjað á því að hugsa um góðverk sem hægt er að gera heima, svo góðverk sem hægt er að gera í skólanum og enda á góðverkum sem hægt er að gera í skátaheimilinu.
- Útskýrið fyrir skátunum ykkar að heimsmarkmið 16 snýr einmitt að friði og réttlæti og að það byrji heimavið. Það sem við gerum í okkar daglega lífi skiptir máli en eitt brot getur dimmu í dag-sljós breytt.

2 Þegar þið eruð búin að ræða um góðverk, fáíð alla skátana til að gera eitt góðverk í skátaheimilinu.

3 Skátarnir setja sér svo markmið um að gera a.m.k. eitt góðverk á dag í heila viku eða fram að næsta skátafundi og skrá góðverkin niður hjá sér.

Seinni fundurinn:

1 Nú ætla skátarnir að segja frá þeim góðverkum sem þau gerðu. Þau mega gera það með myndum, sögum, söng eða í því tjáningarformi sem þau vilja.

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

Búnaður:

Blað, skriffæri

Ígrundun:

Takið ígrundun með skátunum til að hugsa um hvernig vikan var. Þið getið notað þessar spurningar til hliðsjónar:

Áætlaður tími:

2 klst

- Hvernig leið ykkur þegar þið gerðuð góðverk?
- Hvernig leið öðrum í kringum ykkur?
- Hvað geti þið gert í ykkar daglega lífi til að halda áfram að gleðja aðra?

Afurð verkefnis:

Góðverk og skátar sem hugsa meira um hvernig má láta gott af sér leiða



13 AÐGERÐIRÍ LOFTSLAGSMÁLUM



**Hér er dæmi um hvað
það tekur hluti langan
tíma að brotna niður:**

Plastflaska: 70-450 ár
Plastpoki: 500-1000 ár
Áldós: Um 50 ár
Bómull: 1-5 mánuðir
Reipi: 3-14 mánuðir
Mjólkurferna: 5 ár
Bleyja: 500-800 ár
Glerflaska: 1-2 milljónir ára
Bananahýði: 1-2 mánuðir

NIÐURBROT ÚRGANGS

Mikið sorp fellur til á nútímaheimilum og árið 2017 var magn heimilisúrgangs á hvern íbúa landsins rúmlega 650 kg á mann; en það hefur aldrei verið meira! Af þessu var einungis 33% sorps sem rataði í endurvinnslu sem bendir til þess að 67% af ruslinu var urðað, en urðun er þegar sorp er grafið niður í jörðina. Þegar rusl er urðað tekur það mjög langan tíma að brotna niður, ef það á annað borð brotnar niður. Því er mikilvægt að við skoðum hverju við erum að henda, flokkum allt á rétta staði og endurvinnnum allt sem hægt er að endurvinna svo sem minnst fari í urðun.

1 Skátaflokkurinn tekur saman mismunandi úrgang sem þau halda að brotni niður á mislöngum tíma. Prófið að hafa hluti með sem eru auglýstir að brotni niður auðveldlega í jörðinni, eins og maíspoka og jurtaplast. Það gæti einnig verið gaman að setja bananahýði eða apfelsínubörk með sem brotna niður á einungis nokkrum mánuðum.

2 Grafið úrganginn niður í jörðina og merkið mjög vel þannig að þið munið hvar þið grófuð hlutina niður. Ef þið hafið ekki aðgang að jarðvegi til að grafa ofan í þá geti þið búið ykkur til blómabeð með kassa og mold og grafið ruslið þar.

3 Skátaflokkurinn ákveður saman hversu lengi þau ætla að hafa úrganginn í moldinni. Verkefnið getur t.d. spannað einn vetur eða sumar. Ræðið hvað þið haldið að muni gerast á þessum tíma og skrifið niður á blað sem skátaforinginn geymir.

- Í hvaða ástandi haldi þið að úrgangurinn verði?
- Hvað verður fyrst til að brotna niður?
- En síðast?

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

4 Þegar tíminn er liðinn er úrgangurinn grafinn upp og innihaldið skoðað.

- Í hvaða ástandi var úrgangurinn?
- Kom það ykkur á óvart hversu lítið/mikið úrgangurinn hafði brotnað niður?
- Hvernig getum við komið í veg fyrir að úrgangur lendi í náttúrunni og gleymist þar?

Búnaður:

Ýmisskonar úrgangur sem brotnar niður

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Þátttakendur gera sér betur grein fyrir hversu langan tíma það tekur fyrir úrgang að brotna niður og geta því tekið meiri ábyrgð á bæði neyslu og endurvinnslu



2 EKKERT
HUNGÜR



RÆKTA GRÆNMETI HEIMA

Að rækta grænmeti heima hefur marga kosti í för með sér. Þú færð að borða grænmetið um leið og það er tilbúið en þá er það einmitt með mesta magnið af vítamínum. Auk þess færðu að fylgjast með því hvernig grænmetið verður til en það er spennandi ferli.

Undirbúningur:

Fáið skátana til að koma með dollur að heiman sem hægt er að nota sem blómapott. Þetta geta til dæmis verið skyrdollur eða niðursuðudósir. Gott er að vera með nokkrar auka dollur ef einhver á ekki til heima hjá sér.

Þið getið notað fræin sem koma úr því grænmeti sem þið eruð að borða. Það er auðvelt að taka fræ úr tómötum, papríkum, gúrkum og mörgu öðru! Auk þess er hægt að gróðursetja kálhousa sem keyptir eru út í búð og þeir vaxa aftur.

Verkefni:

- 1 Skátarnir fá allir eina dollu og skreyta hana eins og þau vilja.
- 2 Næst er mold sett ofan í hverja dollu og nokkur fræ. Munið að merkja hvaða fræ fara í hverja dollu. Þið getið til dæmis notað gamla bambus tannbursta eða íspinna sem merkimiða. Best er að nota fræ úr íslensku grænmeti.
- 3 Setjið plönturnar á góðan stað. Það er mismunandi eftir plöntum hversu mikið sólarljós þær þurfa en þið getið leitað að þeim upplýsingum til dæmis á netinu eða í bókum.
- 4 Svo er að vökva plönturnar og vera dugleg að fylgjast með þeim vaxa. Grænmeti tekur mis langan tíma að vaxa þannig það er mismunandi hversu lengi þið þurfið að bíða. Kál er til dæmis mjög fljótt að vaxa á meðan biðin eftir tómötunum er aðeins lengri.
- 5 Hægt er að gera verkefnið að sameigilegu verkefni fyrir allt félagið og setja upp matjurtargarð. Þá er hægt að gróðursetja allskonar grænmeti og kryddjurtir og elda saman þegar þið eruð komin með fullt af mat!

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Rekkar

Búnaður:

Pottur, mold, fræ (úr ávöxtum sem til eru heima)

Áætlaður tími:


2 klst

Afurð verkefnis:

Grænmetisgarður



14 LIFE
VATNI



SJÓRINN BYRJAR HÉR

Sjórinn er ótrúlega stór og erfitt að ímynda sér hvað hann umlykur stórt svæði. Við höfum mörg leikið okkur í sjónum í Nauthólsvík og kannski hefur einhver af ykkur siglt á sjó. En við tökum mögulega ekki eftir tengingunni á milli þess sem við gerum í okkar daglega lífi og mengunarinnar sem er í sjónum. Þegar við hugsum um mengun sem fer í sjóinn okkar þá hugsa flestir um skolpleiðsluna sem fer í sjóinn eða úrganginn sem skip losa sig við í sjónum. Hins vegar er allt sem endar í ám, lækjum, vötnum og jafnvel grunnvatni líklegt til að enda í sjónum. Allt vatn sem fer í gengum holræsið á götunum okkar og vatnið sem fer í gegnum heimilin okkar finnur sér leið í sjóinn. Þetta á líka við um afrennslið af bóndabæjum, ruslið sem fýkur af ruslahaugunum og ruslið sem við hendum út á götu. Við höldum stundum að hlutir sem við hendum eða sturtum niður, einfaldlega “hverfi” en það er ekkert Hvergiland til heldur er það sjórinn okkar sem tekur á móti öllu.

Verkefni:

- 1 Prentið út eitt eintak af verkefnablaðinu [SJÓRINN BYRJAR HJÁ ÞÉR](#) fyrir hvern skáta eða notið blöð sem til eru í skátaheimilinu ykkar og teiknið á þau.
- 2 Hugsið ykkur þá staði sem þið haldið að rusl byrji áður en það endar í sjónum.
 - Skátarnir geta teiknað eða skrifað niður á blaðið staði sem þau telja að ruslið í sjónum okkar komi frá.
- 3 Fáíð skátana til að segja frá þeim stöðum sem þau halda að ruslið komi frá.
- 4 Í lokinn skulu þið ræða hvernig hægt er að stoppa ruslið frá því að enda í sjónum okkar.

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

Búnaður:

Sjórinn byrjar hjá þér verkefnablað

Áætlaður tími:

30 mín

Afurð verkefnis:

Aukin þekking á sambandi okkar við sjóinn

3 HEILSA OG VELLIÐAN



HÉR OG NÚ

Heimurinn í dag breytist og þróast svo hratt og getur það stundum verið svolítið yfirþyrmandi. Því er mikilvægt að taka sér tíma til að vera í núinu án þess að stressa sig yfir öðrum hlutum. Núvitund er frábær leið til að efla vellíðan með því að beina athygli að líðandi stundu og finna betur fyrir sjálfum sér, hugsunum sínum og líðan. Þetta er þjálfað með einföldum æfingum sem snúa að markvissri þjálfun athyglinnar.

Verkefni:

Til að uppfylla verkefnið þarf einstaklingurinn eða flokkurinn að prófa að stunda núvitund í heila viku. Hægt er að finna tilbúna æfingar á netinu eða búa til sínar eigin. Þetta getur verið eins einfalt og að sitja í 10 mínútur með lokað augun og reyna að tæma hugann en einnig eru til flóknari æfingar. Hér er dæmi um einfalda æfingu sem flokkurinn getur gert saman:

- 1 Komið ykkur fyrir á hljóðlátum stað og fáið einn úr hópnum eða foringja til að leiða æfinguna.
- 2 Farið í þá stellingu sem ykkur finnst vera þægilegust en það getur verið liggjandi eða sitjandi.
- 3 Byrjið á að spenna tærnar og slaka svo alveg á þeim, svo spenna fæturnar og slaka alveg á, svo læri, svo rass, svo maga, svo bak, svo axlir, svo upphandleggi, svo hendur og loks fingur.
- 4 Andið djúpt inn um nafið og svo út um munninn nokkrum sinnum.
- 5 Ímyndið ykkur að þið séuð að anda út áhyggjum ykkar og inn jákvæðni.
- 6 Gerið þetta í nokkrar mínútur.
- 7 Svo slakar hópurinn saman í nokkrar mínútur í þögn.

Aldursbil:

Drótt, Rekka, Róver

Búnaður:

Staður þar sem er ekki mikil truflun

Áætlaður tími:

1 klst

Afurð verkefnis:

Yfirvegaðri börn og bætt andleg heilsa



15 LÍF Á LANDI



ÆTTLEIÐA TEGUND

Margar tegundir út um allan heim eru í útrýmingarhættu út af ýmsum ástæðum en þær helstu eru ágangur manna á lífríki jarðarinnar sem eyðileggur heimili þessara tegunda. Á Íslandi eru það helst fuglar og plöntur sem eru í hættu og er það Náttúrufræðistofnun Íslands sem sér um að kanna og meta hvort að tegundir eiga heima á válista eða ekki. Á heimsvísu eru ýmsar stofnanir og samtök sem halda utan um þetta en það eru sífellt fleiri tegundir að bætast við á listann.

Verkefni:

- 1 Rannsakið hvaða tegundir eru í útrýmingarhættu, hvort sem það er á Íslandi eða annars staðar og veljið eina til að læra um.
- 2 Skriðið niður það sem þið lærið og kynnið fyrir hinum flokkunum, vinum og fjölskyldu.
 - Hvaða tegund völdu þið?
 - Hvert er búsvæði tegundar?
 - Af hverju er hún í útrýmingarhættu?
 - Áhugaverðar staðreyndir:
 - Hvernig get ég hjálpað?
- 3 Ef þið viljið gera tegundina að tákni flokksins er hægt að nota allskonar skapandi leiðir til að sýna það t.d. búa til lukkudýr, mála tegundina á skjöld eða flokkskistu, nefna flokkinn eftir tegundinni eða búa til listaverk af tegundinni. Notið hugmyndaflugið!

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

Búnaður:

Blað og penni, efni að eigin vali til að búa til dýrið en það getur t.d. verið lukkudýr flokksins

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Vitundarvakning

Vissir þú að 25% af öllu ferskvatni í heiminum er notað til að rækta mat sem er aldrei borðaður.



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



MINNKA MATARSÓUN

Vissuð þið að um þriðjungur allra matvæla í heiminum endar beint í ruslinu? Á sama tíma býr 1 af hverjum 9 á jörðinni við hungur, eitthvað passar ekki saman þarna. Matarsóun er einnig slæm fyrir umhverfið þar sem að hún eykur magn úrgangs sem þarf að urða. En hvað getum við gert? Stór hluti af þessum úrgangi kemur af venjulegum heimilum og því skiptir máli að þegar verið er að kaupa í matinn að plana fyrirfram hvað skal kaupa og passa að kaupa ekki of mikið. Þið mynduð ekki henda pening í ruslið, afhverju að kaupa mat sem endar bara í ruslinu án þess að gagnast neinum?

Fyrri fundurinn:

1. Skoðið matinn sem er til í skátaheimilinu og skráið hann niður. Ef enginn matur er til hugsjó um þann mat sem er oftast til heima hjá ykkur.
2. Er maturinn geymdur réttur til að hámarka líftímann hans? Leitið af upplýsingum á netinu eða spyrjið aðra í kringum ykkur hvernig best sé að geyma matinn. Ef varan er geymd rétt er vel hægt að neyta hennar lengur.
3. Búið til plakat sem sýnir hvernig best er að geyma uppáhalds matinn ykkar. Hver skáti getur búið til sitt plakat eða þið getið unnið í sameiningu að einu plakati sem sýnir til dæmis uppáhalds mat skátaflokksins í útilegum.
4. Skátarnir fá það verkefni að fylgjast með fram að næsta skátafundi hversu miklum mat er hent á þeirra heimili. Hvetjið þau til að taka þann mat sem er að verða of gamall og nota sköpunargáfu sína til að prófa að elda eitthvað nýtt og spennandi (með aðstoð forráðafólks).
5. Á næsta fund eiga allir að koma með uppskrift sem þeim finnst gaman að elda til að deila með skátaflokknum sínum.

Seinni fundurinn:

1. Nú segja skátarnir frá því hversu miklu er hent af mat heima hjá þeim og hverju er verið að henda.

Ígrundun:

- Er alltaf verið að henda sama hlutnum?
- Er best að sleppa því að kaupa ákveðna hluti?
- Eða reyna markvisst að nota hann meira í eldamennsku?
- Svo skiptast allir á uppskriftum.

Góð heimasíða til að skoða er www.islenskt.is en þar er hægt að fletta upp líftíma grænmetis og ávaxta.

Mundu að 'best fyrir' þýðir ekki 'ónýtt eftir'!

Takið verkefnið lengra: Sveitin getur búið til uppskriftabók úr öllum uppskriftunum og selt t.d. sem fjáröflun!

Aldursbil:

Drótt, Rekka, Róver

Búnaður:

Tölva eða sími með neti og bók til að skrifa niður athugasemdir

Áætlaður tími:

Vika allt í allt

Afurð verkefnis:

Nýjar uppskriftir, minni matarsóun, aukin meðvitund um eigin neyslu



BÚÐU TIL NÝTT STARF

Heimurinn þróast svo hratt að á hverjum degi verða til ný störf sem voru ekki í boði fyrir 30 árum. Í dag er erfitt að hugsa til þess að árið 2030 verði til fullt af nýjum störfum sem eru ekki í boði í dag en í gamla daga var fullt af störfum í boði sem eru ekki lengur til. Til dæmis unnu börn við að raða upp keilunum í keiluhúsum, til voru mennskar vekjaraklukkur sem gengu á milli og vöktu alla fyrir vinnu og svo voru til luktarkarlar sem kveiktu í gasluktum strætanna. Í dag er það vél sem raðar keilunum upp, flestir eiga vekjaraklukkú sem hægt er að stilla á hvaða tíma sem er og svo eru ljósastaurar komnir út um allt! En í dag eru störf á borð við samfélagsmiðlasérfræðing eitthvað sem fólkið fyrir tíma internetið hefði mögulega ekki getað giskað á að yrði algengt starf árið 2020. Hver veit nema starfið sem þú munt vinna við eftir 10 ár sé ekki til núna!

Verkefni:

- 1 Nú ætlar þú að hugsa upp á starfi sem þú heldur að verði ómissandi í framtíðinni. Hvað langar þig að verða eftir 10 ár?
- 2 Búðu til kynningu fyrir skátaflokkinn þinn um starfið þitt. Þú getur teiknað mynd, búið til stutt myndband eða sett upp leiksýningu til að kynna starfið. Hugsaðu stórt og hugsaðu grænt.

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

Búnaður:

Blöð og litir

Áætlaður tími:

1 klst

Afurð verkefnis:

Ný og spennandi störf



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



HRAÐTÍSKA

Hraðtíska (e. fast fashion) er orð yfir framleiðslu fatnaðar þar sem markmiðið er að framleiða sem mest af fatnaði, á sem stystum tíma, sem neytendur kaupa oft og mikið af. Vörumerkin sem nýta sér hraðtískuna, senda nýjar vörur í búðirnar í hverri viku og vænta þess að við bítum á agnið og kaupum hluti, þó að okkur vanti þær ekki. Framleiðendur hámarka síðan hagnað sinn með því að nota ódýrt hráefni og ódýrt vinnuafli.

Verkefni:

- 1 Skoðið hugtakið hraðtíska (e. fast fashion). Þið getið fundið allskonar upplýsingar á netinu. Til dæmis geti þið horft á fyrirlestur á netinu með Hasan Minhaj um ljóta sannleikann á bakvið hraðtísku.

Umræður:

- Er mikið um hraðtísku á Íslandi?
- En í ykkar vinahóp?
- Hversu oft noti þið fötin ykkar? Er það oft en einu sinni, tvisvar sinnum eða þrisvar sinnum?

- 2 Hengið heimskort á vegginn í skátaheimilinu. Fáðið alla skátana til að velja eina til tvær flíkur sem þau eru í og merkja inn á kortið hvaðan flíkurnar komu.

Umræður:

- Hvar er efnið búið til?
- Hvar er það saumað saman?
- Hvernig er það flutt til þín?

- 3 Setjið ykkur markmið tengt því að minnka hraðtísku í a.m.k. mánuð.

Til dæmis:

- Ég ætla að sleppa því að kaupa ný föt í mánuð/hálft ár/ár.
- Ég ætla að setja upp skiptimarkað í mínu skátafélagi þar sem fólk getur komið og skipt fötum við aðra.

Aldursbil:

Drótt, Rekka, Róver

Búnaður:

Fötin þín, tæki með aðgang að neti

Áætlaður tími:

3 klst eða tveir skátafundir

Afurð verkefnis:

Að vera meðvitaðari um hraðtísku



KOLEFNISFÓTSPOR

Loftslagsmál eru meðal stærstu áskorana sem við stöndum frammi fyrir í dag. Umræðan um málefnið hefur stórauðist undanfarið og hefur fjöldi fólks sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða eins og sagt er að minnka kolefnisspor sitt. Umhverfisáhrif vegna athafna okkar byggja á því vali sem við stöndum frammi fyrir á hverjum degi, sérstaklega hvað varðar ýmsar vörur, þjónustu, ferðir og matvæli og því er um að gera að velja rétt til að minnka kolefnisfótssporið sitt.

Verkefni:

1 Byrjið á því að læra um kolefnisfótspor.

- Fyrir dreka- og fálkaskáta er góð leið að teikna/prenta út græn fótspor og setja á staði í skátaheimilinu sem tengjast kolefnisfótspori. Til dæmis á ljósrofa, krana, föt og mat. Taka svo gönguferð um skátaheimilið og stoppa í hverju herbergi þar sem skátarnir benda á þau fótspor sem þau taka eftir og hugsa svo hvernig þau geta minnkað kolefnisfótsporið sitt þar. Til dæmis ef fótsporið er á ljósrofa að segja að í hvert skiptið sem farið er úr herbergi passi allir að slökkva ljósín.
- Fyrir eldri skáta er hægt að fara í meiri rannsóknarvinnu á netinu, eins og með því að horfa á myndbönd, heimildarmyndir eða fyrirlestra (t.d. Ted Talks).

2 Hver meðlimur flokksins reiknar út sitt kolefnis-fótspor (með hjálp foreldra eða foringja).

3 Flokkurinn finnur svo 5 leiðir til að minnka kolefnis-fótsporið sitt og vera umhverfisvænni.

Dæmi um hluti sem hægt er að gera til að minnka kolefnisfótspor:

- Nota minna vatn
- Minnka kjötneyslu
- Kaupa íslensk matvæli
- Taka strætó eða labba í stað þess að keyra
- Kaupa vörur umbúðarlausar
- Taka raftæki úr sambandi og slökkva ljósín þegar þau eru ekki í notkun
- Elda vegan máltíðir
- Skipuleggja umhverfisvænar útilegur
- Kaupa notuð föt eða skipta á fötum við vini/fjölskyldu

Hægt er að nota reiknivél á netinu sem reiknar kolefnisfótsporið, kolefnisreiknir.is.

Aldursbil:

Drótt, Rekka, Róver

Búnaður:

Reiknivél sem reiknar út kolefnisfótspor t.d. á kolefnisreiknir.is

Áætlaður tími:

Einn skátafundur eða ein vika

Afurð verkefnis:

Að vita hvað kolefnisfótspor er og hvernig hægt er að vera umhverfisvænni í daglegu lífi

16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



HVER ER ÞINN FULLTRÚI?

Markmið verkefnisins er að skátarnir komist að því hverjir sitja við stjórnvöllinn í landinu eða sveitarfélaginu þeirra og hverjir fara fyrir þeim málefnum sem skipta skátana máli. Einnig er sniðugt að skoða hverjar stefnur þeirra kjörnu fulltrúa eru í heimsmarkmiðunum og hvað hefur áunnist í þeim málum.

Verkefni:

- 1** Sveitinni er skipt upp í flokka, hver flokkur skoðar mismunandi stig innan stjórnsýslunnar. Einn flokkur gæti t.d. skoðað sveitarstjórn, annar skoðað Alþingi og þriðji skoðað ungmennaráð, ungliðahreyfingar stjórnmalaflokka eða önnur hagsmunasamtök. Það er mikilvægt að þátttakendur í verkefninu átti sig á því að það eru ekki aðeins kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum eða Alþingi sem geta haft áhrif á lög og reglur landsins.
- 2** Flokkarnir skoða hvað fulltrúarnir sem þau eru að kanna leggja helst áherslu á í sínum málflutningi eða útgáfu, hver stefna þeirra er í málefnum sem skipta skátana í flokknum máli og einnig hvort að fulltrúarnir hafa látið sig heimsmarkmiðin varða í sínu starfi.
- 3** Flokkurinn tekur saman það sem þau hafa lært og setja fram á skemmtilegan máta t.d. með plakati, myndbandi eða leikþátt sem þau kynna svo fyrir hinum flokkunum.
- 4** Flokkarnir ræða í sameiningu hvað þau lærðu af verkefninu og taka ákvörðun um hvort það sé eitthvað sem þau vilji gera eða breyta í framhaldinu. Það er t.d. hægt að skrifa bréf til fulltrúanna sinna, setja innlegg á samfélagsmiðla eða leita annara leiða til þess að hafa áhrif í samfélaginu t.d. með því að ganga til liðs við ungmennaráð.

Aldursbil:

Drótt, Rekka, Róver

Búnaður:

Aðgangur að netinu í gegnum síma eða tölvu, plaggöt, blöð, litir og pennar

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Hópur ungmenna sem er fróðara um samfélagið sem þau búa í og leiðir til þess að hafa áhrif



15 LÍF Á LANDI



HUNANGSFLUGUR

Á Íslandi lifa býflugur ekki villtar en hunangsflugur gera það. Hér ætlum við því að læra smá um hungangsflugur og hvernig við getum hjálpað þeim að dafna í náttúrunni á Íslandi.

Verkefni 1 - Drykkjarstöð fyrir hunangsflugur

Hunangsflugur vinna mikið og gott verk og þær verða oft mjög þyrstar. Þú getur hjálpað þeim með því að setja drykkjarstöð fyrir þær út á svalir eða í garðinn þinn.

- 1 Hunangsflugum finnst best að drekka úr grunnu vatni og því er best að taka grunna skál eða disk og fylla hana af steinum eða marmarakúlum og setja svo vatn í skálina. Þá geta hunangsflugurnar tyllt sér á steinana á meðan þær súpa af vatninu.
- 2 Þið getið blandað teskeið af sykri út í vatnið. Hunangsflugum finnst sykur vera mjög góður á bragðið og auk þess fá þær mikla orku úr sykrunum.
- 3 Skreytið skálina með blómum til að laða að fleiri hunangsflugur og gera hana að fallegum hlut í ykkar nágrenni.

Verkefni 2 - Gróðursettu blóm í garðinn þinn

Hunangsflugur elska blóm og þá sérstaklega blá, fjólublá og gul blóm. Gróðursettu nokkrar tegundir af blómum handa hunangsflugunum við skátaheimilið eða í garðinn heima. Það er ýmist hægt að gróðursetja blómin í blómabeð sem nú þegar eru til staðar eða í blómapotta sem stillt er upp á vel völdum stöðum á sumrin.

Þá er hægt að færa blómapottana inn á veturna og geyma inni í stofu eða skátaherbergi til að vernda þau frá harðasta vetrinum. Passið að blómin séu á stað þar sem þau fá að blómstra í friði frá áreiti og að þau fái næga sól og vatn.

Svo skiptir máli að hugsa fallega til hunangsflugnanna og muna að þær eru mikilvægir vinir okkar. Ef þú sérð hunangsflugu í vanda reyndu að hjálpa henni; stundum eru þær bara þreyttar og þá getur verið gott að blanda smá sykri út í vatn fyrir þær til að gefa þeim extra orkuskot út í daginn.

Hugmyndir af blómum til að gróðursetja sem hunangsflugur elska:

Gleym-mér-ei
Bláklukkur
Riddaraspori
Skriðsóley
Blálilja
Frúarlykill
Hofsóley
Eyjahula
Stjörnufífill

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

Búnaður:

Skál, steinar, vatn, blóm, garðyrkjuverkfæri til að planta blómum, mold og blómapottar (eða blómabeð)

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Fleiri og hamingjusamari hunangsflugur sem eru duglegar að sinna náttúrunni, garðinum og blómabeðinu

12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



MOLTUGERÐ

Á hverjum degi hendum við fullt af mat og matarleifum í ruslið okkar heima og í skátaheimilinu. Eins og við vitum þá er mikilvægt að reyna að flokka ruslið okkar eins og við getum svo sem mest af því er endurunnið og endurnýtt í nýjum tilgangi. Rusl sem er ekki endurunnið er urðað sem þýðir að það er grafið ofan í jörðu þar sem það er lengi að brotna niður (stundum milljónir ára!) og býr til hættulegar gastegundir sem stuðla að hlýnun jarðar.

Finndu tvær jafnstórar fötur (stærð á fötunum skiptir ekki máli en gott er að þær séu á bilinu 15-30 lítrar að stærð)

Boraðu göt í botninn á einni fötunni. Boraðu um 20-30 göt og gott er að götin séu um 3-5 mm að breidd.

Settu fötuna með götunum ofan í hina fötuna. Þú getur notað taulímband (duct-tape) til að festa föturnar vel saman svo það komist pottþétt ekki loft á milli þeirra.

Settu lokið á fötuna, passaðu að það sé þétt og lokist alveg. Til að úrgangurinn gerjist vel þá þarf að passa að sem minnst af lofti komist inn í föturnar.

Ef þú vilt þá getur þú sett kranann eða trétappann neðarlega á neðri fötuna. Þá verður auðveldara að losa vökvann sem verður til við jarðgerðina (það er hægt að sleppa þessu skrefi og lyfta einfaldlega efri fötunni upp úr þeirri neðri og hella vökvanum úr neðri fötunni).

Svo getur þú byrjað að búa til þína fyrstu Bokashi jarðgerð!

Það má setja allan lífrænan úrgang í fötuna. Allan mat, bein, eggjaskurn og fleira! Gott er að safna lífrænum úrgang í minni fötu eða skál og setja í Bokashi fötuna í lok dags. Svo er sett lag af Bokashi geril yfir matarúrganginn sem hjálpar úrganginum að verða að moltu. Mikilvægt er að hella vökvanum úr neðri fötunni reglulega eða nota tappan til að losa hann. Vökvann má svo þynna út með vatni og nýta til þess að vökva pottaplöntur eða setja út í blómabeð.

Þegar moltutunnan er orðin nánast full þá er lokið fest kyrfilega á og úrganginum leyft að gerjast, óhreyfður í fötunni, í 10 daga. Að þeim tíma loknum má opna fötuna og dreifa úr moltunni í garðinn, blómabeð eða blómapotta. Gott getur verið að reyna að blanda moltunni við moldina sem er nú þegar til staðar. Svo má nota fötuna aftur og aftur! Það er sniðugt að eiga tvær svona fötur til að nota til skiptis svo áfram sé hægt að endurvinna matarúrgang í aðra fötu á meðan hin gerjast.

Aldursbil:

Fálkar, Drótt, Rekkar og Róver

Búnaður:

Fötur (það þarf tvær fötur fyrir hverja moltutunnu), lok á föturnar, bor, trétappa eða krana (hægt að endurnýta kork t.d.) og Bokashi ger (fæst t.d. hjá Jarðgerðarfélaginu.

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Hópur ungmenna sem er fróðara um samfélagið sem þau búa í og leiðir til þess að hafa áhrif



HVAR ER ALLT VATNIÐ OKKAR?

Undirbúningur:

Fylltu 20 lítra fötu af vatni. Vertu með hina hlutina af listanum sýnilega. ATH: Gott er að vera með tusku tilbúna til að þurrka upp ef það hellist vatn á gólfið. Svo getur verið gott að para þetta verkefni saman við verkefnið Hreint vatn á bls. 39 í Byggjum betri heim verkefnabæklingnum til að gefa skátunum enn betri skilning á efninu.

Verkefni:

1 Byrjaðu á því að útskýra fyrir skátunum að vatnið í fötunni táknar allt það vatn sem til er á jörðinni. Spurðu þau hvernig vatn er til á jörðinni. Þau ættu að telja upp ár, stöðuvötn, sjó, ský eða gufu, jökul, grunnvatn, vatn í jörðinni og vatn í plöntum og dýrum. Hjálpaðu þeim að telja upp allt með því að gefa þeim vísbendingar ef þeim vantar.

2 Fáðu tvo skáta til að koma upp og aðstoða við jafningjafræðsluna. Fáðu skátana til að halda sitthvoru málinu .

Einn heldur á stærra máli en hinn. Best er ef málin eru gegnsæ þannig allir sjái magnið af vatninu sem er í málinu. Fáðu skátann með stærra málið til að setja 500 ml í málið sitt og sýna hinum skátunum vatnið. Spurðu þau hvað vatnið í þessu máli tákni?

Allt ferskvatn á jörðunni.

En hvað táknar þá vatnið í fötunni?

Allt saltvatn jarðar. Útskýrðu hvernig manneskjur geta ekki nýtt sér saltvatn þar sem við verðum mjög veik ef við drekkum það og það sé einungis drykkjarhæft með mikilli vinnu.

3 Settu fötuna til hliðar. Fáðu skátann sem heldur á málinu með vatninu til að hella 125 ml af vatninu í sínu máli yfir í málið sem hinn skátinn heldur á.

4 Hvað táknar þetta mál sem nú inniheldur 375 ml af vatni?

Jökla. Útskýrðu hvernig það vatn er ekki aðgengilegt mannfólki þar sem það er frosið.

5 Settu þetta mál til hliðar. Skátinn sem hélt á því máli getur sest aftur.

6 Spurðu hina skátana hvað málið með 125 ml af vatni táknar.

Grunnvatn, yfirborðsvatn (t.d. stöðuvötn, ár, votlendi), og gufu í andrúmsloftinu.

7 Fáðu skátana til að giska á hversu mikið af þessu vatni táknar yfirborðsvatn jarðar. Eftir að þau eru búin að giska nokkrum sinnum skaltu takta dropateljarann og setja vatn í hann.

8 Settu einn dropa af vatni í lófann á nokkrum skátum og útskýrðu að einungis einn dropi úr allri fötunni tákni það vatn sem er aðgengilegt dýrum og mönnum til að drekka.

Leyfðu skátunum að hugsa aðeins um þessa staðreynd.

9 Segðu þeim svo frá því að magn af því vatni sem til er á jörðinni muni aldrei breytast. Jafnvel þó að vatn sé á ferðalagi um alla jörðina og breytir um mynd þá mun aldrei verða til meira vatn en er til í heiminum í dag.

Annar hluti: Ígrundun

Eyddu smá tíma í að ræða við skátana þína, eru þau með þælingar eða hugmyndir út frá verkefninu. Þú getur notað þessar spurningar þér til aðstoðar.

- Ert þú hissa yfir því hversu lítið vatn er til staðar fyrir mannfólk til að nota?
- Myndir þú segja að vatn sé auðlind sem við eigum nóg af eða auðlind sem skortur er á?
- Í hvað notum við vatn?
- Af hverju getum við ekki drukkið saltvatn?
- Fjöldi fólks sem býr á jörðinni okkar fer fjölgandi. Hvað þýðir það fyrir okkur að ekki sé hægt að búa til meira vatn en er til nú þegar en meira fólk þarf á vatni að halda en áður? Hvað getur gerst?
- Geta manneskjur og dýr lifað án aðgangs að hreinu vatni?
- Fáðu skátana þína til að hugsa um hugtakið vatnsgæði. Fáðu þau til að segja þér hvað það þýðir. Ef þeim dettur lítið í hug þá getur þú hjálpað þeim með því að tengja það við slæm vatnsgæði og góð vatnsgæði: Myndu þau vilja drekka, synda, þvo sér eða elda upp úr skítugu vatni? En upp úr hreinu vatni?

Aldursbil:

Drekar, Fálkar

Búnaður:

20 l fötu, tvö glær mál (eitt sem rúmar a.m.k. 500 ml og annað sem rúmar a.m.k. 250 ml), mælikönnu og dropateljara

Áætlaður tími:

1 klst

Afurð verkefnis:

Betri þekking skátanna á vatni, vatnsgæðum og mikilvægi þess að spara vatn sem og tryggja gæði þess



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



Á LEIÐ Í SKÓLANN

Mörg þúsund börn á Íslandi leggja leið sína í skólann á hverjum virkum degi. Þau hjóla, ganga, hlaupa, rúlla, velta sér eða er skutlað á bíl. Sum börn vilja kannski labba eða rúlla í skólann en geta það ekki vegna hindrana á leiðinni og þurfa því að láta skutla sér í bíl.

Þetta verkefni snýst um það að kanna leiðina sem skátarnir fara í skólann og vekja þau til umhugsunar um mismunandi aðstæður sem börn á Íslandi og víðar búa við og hvernig umhverfið sem við búum í getur reynst hindrun fyrir suma en ekki aðra.

Verkefni:

- 1 Byrjið á því að finna leið frá skátaheimilinu að næsta grunnskóla og labba hana með skátunum.
- 2 Kannið hvort leiðin sé þannig að allir komist hana án vandræða.
- 3 Ræðið mismunandi áskoranir sem krakkar glíma við á leið sinni í skólann og hvernig þær áskoranir geta verið öðruvísi fyrir heyrnarlaus börn, blind börn, börn í hjólastól eða börn sem þurfa að nota hækjur.
- 4 Þegar þið eruð búnin að labba leiðina skulu þið taka umræðu um leiðina. Þið getið nýtt ykkur þessa punkta til hliðsjónar:
 - Hvað hindraði ykkur í að ganga leiðina?
 - Komast allir leiðina án vandræða?
 - Geti þið gert leiðina aðgengilegri fyrir alla?
- 5 Þið getið tekið verkefnið skrefinu lengra og skrifað bréf til borgar- eða bæjaryfirvalda um málefnið og komið með tillögur að endurbótum.

Aldursbil:

Drekar, Fálkar

Búnaður:

Hækjur, hjólastóll, blindrastafur og skátaklútur

Áætlaður tími:

1 klst

Afurð verkefnis:

Endurbætur á nærumhverfi skátana, leið fyrir alla í skólann

"If Someone in Your Family
Has Cancer"
Definition
Feelings
Treatment



VIÐ ERUM JÖFN, ER ÞAÐ EKKI?

Verkefni:

- 1 Skiptið skátunum í tvo hópa og veljið nöfn fyrir hópana.
- 2 Byrjið á leikjum eða verkefnum á borð við að byggja mennskan pýramída eða að stafa orðið “skáti” með líkömum allra í hópnum.
- 3 Hóparnir fá reglur sem gilda bara um hópinn sinn. Annar hópurinn er “frjáls” og hinn hópurinn er “með hömlur”.
- 4 Hópurinn “með hömlurnar” verður að klára alla leikina eða verkefnin á helmingi styttri tíma en “frjálsi” hópurinn eða hópurinn “með hömlurnar” má ekki tala sín á milli á meðan “frjálsi” hópurinn má tala sín á milli.
- 5 Foringinn og “frjálsi” hópurinn ákveða hvaða afleiðingar það hefur á hópinn “með hömlurnar” ef þau brjóta regluna sem þau þurfa að fylgja, eins og sá/sú sem brýtur regluna má ekki taka þátt í verkefninu eða leiknum í 30 sekúndur.

Ígrundun:

Í lok verkefnisins fáðu alla til að sitja í hring og deila frá sinni reynslu í verkefninu eða leiknum. Þú getur nýtt þér þessar spurningar í ígrundun:

- Hvernig var að vera í frjálsa hópnum? En í hópnum með hömlurnar?
- Hvort var erfiðara að klára verkefnin eða taka þátt í leikjunum í frjálsa hópnum eða hópnum með hömlurnar? Af hverju?
- Var þetta verkefni sanngjarnt? Af hverju?
- Hefur þú lent í óréttlæti?

Útskýrðu fyrir skátunum þínum að þessar reglur sem þau fengu eru eins og reglur sem mismunandi kyn glíma við út um allan heim.

- Spurðu skátana hvort þau geti nefnt dæmi um reglur (opinberar eða ekki) sem virðast bara beinast að ákveðnu kyni?
- Ræðið hvaða áhrif það hefur á manneskju að vera beitt óréttlæti og leitið að lausnum sem þið sem skátar eða skátafélag getur gert til að búa til og/eða viðhalda umhverfi sem er sanngjarnt og jafnt fyrir alla sem búa í því.

Hugmyndir af verkefnum:

Stafa SKÁTAR með líkömum allra í hópnum

Aldursbil:

Drekar, Fálkar, Drótt

Búnaður:

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Ígrundun



HVAÐAN KOMA FÖTIN MÍN?

Það er ekkert mál að fara út í búð að kaupa ný föt og flestir gera það án þess að hugsa. En hvaðan koma fötin okkar?

Verkefni:

- 1 Hengdu upp heimskort og fáðu alla skátana til að skoða hvaðan fötin þeirra eru og merkja það inn á kortið. Ef skátarnir eru mjög margir er nóg að hver merki inn uppruna af einni eða tveimur flíkum.
- 2 Þegar þið hafið fundið út hvar fötin eru framleidd skulu þið skipta sveitinni í flokka og hver hópur fær eitt land til að skoða.
- 3 Skátarnir eiga að skoða hvernig aðstæður fólksins eru sem framleiða fötin; hvað fá þau greitt, hvað vinna þau lengi, hvenær fá þau frí? Hver græðir mest á fötunum?
- 4 Þegar hóparnir eru búnir að kynna sér löndin sín halda þau smá kynningu á því sem þau lærðu fyrir restinni af sveitinni.

Ígrundun:

- 1 Eftir að hóparnir hafa kynnt sín lönd skulu þið ígrunda með þeim. Þið getið notað þessar spurningar ykkur til hliðsjónar:
 - Er alltaf sagt hvar fötin eru framleidd?
 - Er hægt að rekja uppruna fatnaðarins?
 - Fundu þið miklar upplýsingar um fólkið sem vinnur við að framleiða fötin?
 - Hverju er gott að leita eftir þegar föt eru keypt?

Aldursbil:
Drótt, Rekkar

Búnaður:
Heimskort

Áætlaður tími:
2 klst

Afurð verkefnis:
Aukin meðvitund um hvað
þarf til þess að framleiða
föt

12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



TJALDFATNAÐUR

Þegar eitthvað er hætt að nýttast manni í sínum upprunalega tilgangi er frábært að reyna að finna leið til að nýta hlutinn uppá nýtt frekar en að henda honum. Mörg skátafélög kaupa ný tjöld á nokkurra ára fresti þegar þörf er á endurnýjun og henda svo gömlu tjöldunum. Tjöld eru gerð úr mjög endingargóðu efni og því tilvalið að endurnýta þau í föt eða aukahluti í stað þess að henda þeim. Tjaldbotninn er t.d. oftast vatnsheldur á meðan himininn er gerður úr aðeins þægilegra efni til að klæðast.

Verkefni:

- 1 Finna tjald sem er orðið ónothæft vegna galla eða skemmda.
- 2 Skoða hvaða efni er í boði og hvað er hægt að búa til.
- 3 Finna snið eða búa til skapalón. Oft er hægt að nálgast þannig ókeypis á netinu en með suma hluti er hægt að teikna eftir laginu á hlutnum t.d. virkar þetta vel með sundpoka.
- 4 Klippa efnið og sauma.
- 5 Njóta nýju hlutanna þinna!

Dæmi um hluti sem hægt er að búa til:

- Tunnuhatt (Bucket-Hat)
- Sundpoka
- Regnslá
- Fjölnota burðarpoka
- Scrunchie-hárteygjur
- Vindjakka
- Vindbuxur
- Hælapoka

Ef þið eigið nóg af efni er hægt að sauma á allan flokkinn í stíl!

Aldursbil:

Drótt, Rekkar, Róver

Búnaður:

Gamalt tjald sem tekið er úr notkun (eða annað efni sem fellur frá í félaginu), skapalón/snið, saumavél og önnur verkfæri fyrir saum

Áætlaður tími:

4 klst

Afurð verkefnis:

Nýting á fráfallandi efni, heimagerður fatnaður, reynsla í fatasaum og geggjuð ný föt

7 SJÄLFBÄR
ORKA



KARTÖFLU- RAFMAGN

Á Íslandi er notast við jarðvarma og vatnsafl til að framleiða orku. Um 80% af heildarorkunotkun þjóðarinnar kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum. En það er alls ekki raunin annars staðar í heiminum. Margar þjóðir nota enn olíu og kol til að framleiða orku sem er mjög óumhverfisvænt. Það er því mikilvægt að nota fleiri umhverfisvæna orkugjafa eins og við ætlum að prófa í þessu verkefni.

Vissuð þið að það er hægt að nota kartöflu til að kveikja á ljósaperu? Efnaviðbrögðin sem eiga sér stað milli tveggja ólíkra málma og safu úr kartöflu skapa lítið magn af spennu sem getur knúið lítið raftæki.

Verkefni:

- 1 Skerið kartöfluna í tvennt. Merkið helmingana með því að skera/skrifa númerin 1 og 2 í þá.
- 2 Vefjið koparvír í kringum koparbitana nokkrum sinnum. Notið mismunandi vír fyrir hvern bita.
- 3 Stingdu koparbitunum í sitthvorn helminginn. Vefjið þriðja koparvírnum í kringum annan sinkhúðaða naglann og stingið honum í kartöflu helming númer 1.
- 4 Takið vírinn sem er vafinn utan um koparbitann í helming 1 og vefjið honum utan um lausa sinkhúðaða naglann. Stingdu þeim nagla í helming 2.
- 5 Þegar þú tengir báða lausu koparvírana við ljósaperuna (hægt er að nota límbyssu til að festa þá við) þá kviknar á henni.

Aldursbil:

Fálkar, Drótt, Rekkar, Róver

Búnaður:

Stór kartafla, tveir sinkhúðaðir naglar, tveir koparbitar (helst skrúfur eða naglar), 3 koparvírar, litla ljósaperu eða LED peru og límbyssu

Áætlaður tími:

2 klst

Afurð verkefnis:

Rafmagn

